

Nesfréttir



ÁGÚST 2019 • 8. TBL. • 32. ÁRG. • www.borgarblod.is



Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is



Ungmennaráðin fóru meðal annars á Þingvelli og skoðuðu sig um.

Ungmenni tóku á móti Eistlendingum

Í sumar tók Ungmennaráð Seltjarnarness á móti Eistnesku ungmennaráði sem gisti 10 nætur í Selinu.

Ráðin nýttu vikuna í að skipuleggja styrktartónleika og flóamarkað þar sem hugmyndin var að stuðla að endurnýtingu og safna fjármagni til að styrkja umhverfisverndarsamtök.

Ráðin bjuggu einnig til handbók sem önnur

ungmennaráð geta nýtt sér til að halda sambærilegan viðburð. Á meðan verkefninu stóð var farið í fjölmargar heimsóknir í önnur ungmennahús, á Alþingi og skoðunarferð um landið svo dæmi séu tekin. Ungmennaráð Seltjarnarness er skipað ungmennum á aldrinum 16-25 ára og er opið öllum áhugasömum ungmennum sem búa á Nesinu.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Hæstu meðaltekjur - lægstu skattar

Hæstu heilsárstekjur í sveitarfélagi á Íslandi eru á Seltjarnarnesi. Þetta kemur ekki á óvart. Lengi hefur verið vitað að á Seltjarnarnesi og í Garðabæ býr fólk sem hefur háar tekjur miðað við landsmeðaltal. Tölur Hagstofunnar tala skýru máli um þetta. Þær gera tilfinningu að staðreynd.

Þessi sveitarfélög búa að góðum tekjumöguleikum og ættu alls ekki að finna fyrir erfiðleikum í rekstri. Í þessu efni er þó alltaf spurning um hug sveitarstjórnarmanna um hvernig beri að nýta þessa tekjumöguleika.

Skattlagning hefur aldrei verið vinsæl. Fólk kys almennt fremur að ráðstafa tekjum sínum sjálft til eigin neyslu en að leggja samneyslu lið umfram brýnustu nauðsynjar.

Á Seltjarnarnesi hefur verið farið lengra en víðast hvar að virða þau sjónarmið. Svo langt hefur verið gengið að erfiðleikar hafa gert vart við sig í rekstri þessa um 4600 manna bæjarfélags.

Rekstrarerfiðleikar Seltjarnarnesbæjar eru þó á engan hátt róyfirstígarnlegir. Vera má að slá verði af ýtrustu sjónarmiðum um lágmarks skattlagningu til að bæta rekstur bæjarfélagsins. Þar gæti verið um tímabundna ákvörðum að ræða.

Nú er fyrirhugað að byggja nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi. Glæsileg tillaga var verðlaunuð með viðhöfn á Eiðistorgi á liðnu sumri. Þessi tillaga mun verða kostnaðarsöm framkvæmd. En miðað við þær tekjur sem Seltirningar geta státað af ætti hún að vera framkvæmanleg. Til að svo verði þarf ef til vill að breyta hugsunarhætti um stund.

Heildarárstekjur hæstar á Seltjarnarnesi



Heildarárstekjur fólks voru hæstar á Seltjarnarnesi eða 8,5 milljónir króna að meðaltali á síðasta ári. Tekjur í Garðabæ koma næst á eftir. Þar eru þær að jafnaði um 8,4 milljónir króna. Bolungarvík, með 7,6 milljónir króna, í Kjósarhreppi um 7,3 milljónir og 7,2 milljónir í Kópavogi. Í sjö sveitarfélögum var meðaltal heildartekna undir fimm milljónum króna. Lægstar voru heildartekjur í Akrahreppi í Skagafirði, eða 4,3 milljónir króna og Húnavatnshreppi með 4,4 milljónir. Fjármagnstekjur voru hæstar í Bolungarvík, Seltjarnarnesi og Garðabæ. Yfir milljón króna. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.

Heildarmánaðartekjur helmings landsmanna voru undir 441 þúsund krónur á síðasta ári. Meðaltal atvinnutekna hefur hækkað um 5,5% frá árinu 2017 voru 505 þúsund krónur að meðaltali á mánuði í fyrra. Tekjur háskólamenntaðs fólks voru 54% hærri en tekjur þeirra sem hafa grunnskólamenntun og 30% hærri en þeirra sem lokið hafa menntun á framhaldsskólastigi. Þeir sem lokið hafa við grunnskólamenntun eða minna voru með um 430 þúsund krónur á mánuði að jafnaði sé miðað við miðgildi heildartekna í fyrra. Þeir sem hafa framhaldsskólapróf voru með um 509 þúsund krónur á mánuði. Tölurnar sýna einnig að fólk með starfsnám á framhaldsskólastigi var með 17,4% hærri heildartekjur en fólk með bóknaám á framhaldsskólastigi. Fólk með meistaraáráðu var með um 23% hærri tekjur en fólk með bakkaláráðu. Þá höfðu þeir með doktorspróf hæstar tekjur eftir menntunarstigi.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





SELTJARNARNESBÆR

Bæjarhátíð Seltjarnarness 2019

30. ágúst - 1. september

Fjölskylduhátíð í Gróttu

Bæjargrill og samsöngur
á Vallarbrautarróló

Fjölskyldugolf
Óskalatónleikar
LEGOsýning
Græn messa

SKREYTUM BÆINN – GULUR, RAUÐUR, GRÆNN & BLÁR!

Íbúar eru hvattir til að skreyta hús sín, götur og umhverfi hátt og lágt í sínum hverfislit með sköpunargleðina að leiðarljósi sjálfum sér og öðrum til yndisauka.

Föstudagur 30. ágúst

20.00 – 22.00

Tindatríóið og Friðrik Vignir – Óskalatónleikar í Seltjarnarneskirkju

Laugardagur 31. ágúst

11.00 – 14.00

Fjölskyldudagur í Gróttu með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Opið í vitann · Klifurmeistarar með Spiderman · Vöflukaffi og pylsur · Svavar Knútur trúbator · Lífríkið við Gróttu rannsakað · Söga Albertsbúðar · Margrét þenur nikkuna · Sveinn Bjarki syngur með börnunum

Afleggjarinn – Myndlistarsýning og myndasmiðja í Vitavörðarhúsinu eftir **Viktor Pétur Hannesson** listamann.

Myndasmiðja – gerðu þitt eigið grafíkverk hjá Viktori.

14.00 – 16.00

LEGOsafn og sýning í Tjarnarbóli

Pétur og Rut bjóða bæjarbúum að kíkja í bílskúrinn sinn á móti Tjarnarbóli 10-12 og skoða yfir 300 gömul og ný legosett sem Pétur hefur sett saman og safnað frá árinu 1980. Elsta settið er frá 1963 og þau nýjustu frá 2019.

18.30 -

Bæjargrill og samsöngur á Vallarbrautarróló

Útihátíðarstemning á Vallarbrautarróló í umsjón bæjarbúa með stuðningi Seltjarnarnesbæjar þar sem fjölskyldum allra hverfa bæjarins býðst að hafa gaman saman. Veislutjald, borð og stólar á staðnum sem og tónlist fyrir allan aldur. Þátttakendur eru hvattir að mæta skreyttir í sínum hverfislit.

Kl. 19.30 hefst samsöngur sem Seltirningurinn **Bjartur Logi** stýrir og **hljómsveitin Húdd** taka líka lagið um kvöldið.

Veitingar á Vallarbrautarróló verða á vegum íbúanefndarinnar og er nauðsynlegt að panta/greiða fyrirfram líkt og undanfarin ár, vilji menn njóta þeirra. Nánari upplýsingar um matinn og fyrirkomulagið er á FB viðburði nefndarinnar.

Sunnudagur 1. September

11.00

Græn uppskerumessa og grænmetismarkaður í Seltjarnarneskirkju

12.00 – 14.00

Fjör í fjölskyldugolfi í Nesklúbbnum með skemmtilegum golfþrautum og tilboði á veitingum.

Nánari upplýsingar um dagskrá og viðburði er að finna á www.seltjarnarnes.is og FB síðu Seltjarnarnesbæjar.



Góða veðrið skemmdi ekki fyrir vinnuskólakrökkunum í sumar.

Bryndís gaf leikskólanum námsefni



Baldur Pálsson sviðsstjóri, Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

Fjöldi ungmenna í vinnuskólanum

Í sumar hafa bæjarbúar án efa séð til fjölda duglegra ungmenna að störfum víðsvegar um bæinn. Um 135 krakkar á aldrinum 13 til 16 ára starfa nú hjá vinnuskóla Seltjarnarness auk átta flokkstjóra.

Störfin eru æði fjölbreytt því bæði er unnið að því að snyrta og fegra bæinn sem og á hinum ýmsu leikja- og íþróttanámskeiðum fyrir börn. Starfið í sumar hefur gengið afar vel, krakkarnir eru duglegir og ekki hefur góða veðrið skemmt fyrir útiverkunum. Vinnuskólinn er mikilvægur vettvangur fyrir ungmenni sem eru að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Auk þess að læra til verka, sjá afrakstur og öðlast starfsreynslu fá krakkarnir auðvitað sína eigin sumarhýru að launum. Sem og verja þau dögnum við leik og starf í hópi jafnaldra og vina.



Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur kom færandi hendi á bæjarskrifstofur Seltjarnarness á dögnum þegar hún gaf Leikskóla Seltjarnarness námsefnið Leikum og lærum með hljóðin.

Námsefnið byggir á fagþekkingu talmeinafræðinnar, rannsóknnum og reynslu Bryndísar af því að vinna með börnum, foreldrum og fagfólki skóla. Efnið er til þjálfunar sem bætir framburð barna, eykur orðaforða og undirbýr læsi hefur hlotið ýmsar viðurkenningar.

Engir plastpokar lengur í Bókasafninu

Bókasafn Seltjarnarness hættir með einnota plastpoka frá og með 1. september nk. Er það gert í samræmi við lög Alþingis um bann við afhendingu burðarpoka úr plasti sem tóku gildi þann 1. júlí sl.

Því verður ekki lengur boðið upp á einnota plastpoka í Bókasafni Seltjarnarness. Við hvetjum lánþega til að koma með eigin burðarpoka frá og með 1. september. Við tökum einnig á móti aflögu fjölnotapokum sem fólk vill losa sig við en á mörgum heimilum hefur safnast upp góður lager af taupokum. Hjá okkur fara þeir í fjölnotapokahringferð meðal viðskiptavina bókasafnsins sem á þurfa að halda enda nýtast þeir vel undir bækur.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bilinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghóls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

DAGSKRÁ Í ÁGÚST/SEPTEMBER 2019

Sýning í Gallerí Gróttu



HULDA VILHJÁLMSDÓTTIR í Gallerí Gróttu

Verið velkomin á málverkasýningu Huldu Vilhjálmsdóttur, **Víðátta/Wilderness (Verndum náttúru Íslands)**.
Sýningu lýkur 22. september.



2. september kl. 20

SelGARNnes og nágrenni

Áhugafólk um hannyrðir hittist einu sinni í mánuði og á notalega stund saman við handavinnu, hjálpar hvert öðru og deilir hugmyndum. Nánar á FB-síðu hópsins: **SelGARNnes og nágrenni**



4. september kl. 17.30-18.00



Sögustund fyrir yngstu börnin

Jóna Valborg Árnadóttir og Elsa Nielsen lesa um Kormák fyrir yngstu börnin.

9. september kl. 16-17 – Uppskeruhátíð Sumarlesturs



Dagskrá:

- Verkefnið Sumarlestur 2019
- **Bergrún Íris Sævarsdóttir** rithöfundur les upp úr verðlaunabók sinni *Kennarinn sem hvarf*. Bergrún fjallar um bækurnar sínar, teikningarnar og mikilvægi lesturs.
- Verðlaunaafhendingar
- Frískandi frostpinnar



Bókasafnsdagurinn 2019



21. september kl. 11-12

Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á sigrídur.gunnarsdóttir@seltjarnarnes.is



26. september kl. 17

SÝNINGAROPNUN Í Gallerí Gróttu

Katrín Matthíasdóttir, Þorvaldur Jónasson, Guðlaug Friðriksdóttir og Ragnar G. Einarsson opna sýningu sína **Letur og list** í Gallerí Gróttu.
Sýningu lýkur 20. október.



Opnunartími: Mán. - fim. 10-19 og fös. 10-17. Lau. 11-14.

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is



**Bókasafn
Seltjarnarness**

Leikja- ævintýra, survivor og smíðavöllur

Börnum á aldrinum 7 til 12 ára gafst í sumarfríinu kostur á að sækja sumarnámskeið á vegum Seltjarnarnesbæjar, segja má að sól og sæla hafi einkennt námskeiðin í ár.

Veðrið lék við okkur og nutu börnin sín í blíðunni bæði hér á Seltjarnarnesi og á ferð og flugi um höfuðborgarsvæðið. Námskeiðin héldu til í bæði Valhúsa- og Mýraráskóla en stefna sumarnámskeiðanna er að kynna börn fyrir ýmsum hópaleikjum og skemmtun utandyra ásamt því að sýna þeim áhugaverða staði í nærumhverfi sínu. Hópar frá sumarnámskeiðum Seltjarnarnesbæjar heimsóttu m.a. Gufunesbæ, Nauthólsvík, Elliðaárdal, Viðey, Víðistaðatún og Rútstún ásamt því að dýfa sér ofan í hinar ýmsu sundlaugar. Survivor

námskeiðin fóru m.a. í tjalduílegu og börn sem sóttu smíðavöllinn reistu myndarlega kofabyggð á plani Valhúsaskóla.

Sumarskólinn

Hinn árlegi sumarskóli var haldinn 6. - 21. ágúst. Sumarskólinn er óbeint framhald af leikskóla, þar sem börn sem eru að hefja nám í 1. bekk mæta í Frístundaheimilið Skjólíð í um það bil þrjár vikur áður en skólinn hefst. Tilgangurinn er meðal annars að kenna nemendum á nærumhverfi skólans til að þau verði öruggari þegar skólinn hefst. Starfsmenn eru starfsmenn Skjólís, Frístundar og leikjanámskeiða.

Í sumarskóla var farið í leiki, fjöruferð, bókasafn, rólóferðir, skoðunarferð um Mýraráskóla

og fleira. Í sumarskólanum sóttu börnin sundnámskeið sem haldið var í sundlaug Seltjarnarness. Í lok

sumarskólans var haldið pylsu-partý og boðið upp á andlitsmálun.



FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3POINT BELT

BÍLASMÍÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Grandagarði 29 • 101 Reykjavík | Dalshrauni 13 • Hafnarfirði www.kjotkompani.is 578 9700 kjotkompani@kjotkompani.is [kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Fuglarannsóknir á Seltjarnarnesi

Kríuvarpið er við Golfvöllinn og í Gróttu

Fuglalíf á Seltjarnarnesi hefur lengi verið afar fjölskrúðugt og býður ysti hluti nessesins uppá mikilvægt útivistarsvæði. Gróttu og Bakkatjörn eru friðlýst svæði og Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes eru á Náttúruminjaskrá. Bæjarstjórnin studdi í sumar ítarlega rannsókn á fuglalífi sveitarfélagsins, sem var framkvæmd af Sigurlaugu Sigurðardóttur mastersnemanda í umhverfis og auðlindafræði og Elísu Skúladóttur líffræðingi undir leiðsögn Dr. Freydísar Vigfúsdóttur.

Rannsóknin fólst einkum í reglubundnum fuglatalningum á svæðinu en mikil áhersla var lögð á ástand kríuvarp á svæðinu. Seltjarnarnesbær geymir eitt stærsta kríuvarp höfuðborgarsvæðisins. Stærstur hluti kríuvarpsins á Seltjarnarnesi er á og við golfvallarsvæðið og í sumar var einnig veglegt varp í Gróttu. Þessi tvö svæði eru einkar ólík þar sem mikill fjöldi fólks fer um nánast daglega á golfvöllinum en Gróttu er lokuð fyrir umferð á varptíma. Golfvöllir hafa verið viðurkennd sem mikilvæg svæði fyrir villt dýr



Elísa Skúladóttir.

á þéttbýli. Þó svo að landsvæðinu sé mikið breytt til að halda völlum við og svæðin undir miklu álagi skapa þeir gróðureyjar sem margar tegundir nýta sér, sé virðing borin fyrir svæði fuglanna. Gott er til þess að vita að golfvöllinn á Seltjarnarnesi hefur sett sér heildstæð markmið í vernd varpfugla á svæðinu.



Sigurlaug Sigurðardóttir.

Afrán frá mávum og minkur í Gróttu

Reglulega vöktun á varpinu var gerð yfir varptímann og má þar meðal annars nefna mælingar á eggjum til þess að meta upphaf álegu, ásamt mælingum á ungunum og fæðugjöfum í unga. Krían hóf varp um það bil viku seinna en vanalega og gekk varpið ágætlega,

þó að sjálfsgöðu voru einhver afföll á ungunum. Afrán var mest af mávum á svæðinu en síðsumars fundust ummerki um mink á Gróttu.

Eftir erfiða afkomu sjófugla undanfarin ár vegna fæðuskorts, einkum rakin til hruns í sandsílastofninum er gott að sjá að fæðuframboð virðist hafa verið ágætt hjá kríunni á Seltjarnarnesi. Mest báru kríurnar ýmis síli og seiði í unganum, þó að smærri fæða hafi einnig verið greinileg eins og krabbadýr og jafnvel einstaka skordýr.

Góðviðrið hafði góð áhrif á kríuna

Milt og gott sumar gæti einnig hafa verið mikilvægur þáttur fyrir góða afkomu kríunnar en þurrkurinn í sumar á Suðurlandi virðist ekki hafa farið jafn vel varðandi afkomu vaðfugla, einkum tjalda þar sem þurrkur getur haft neikvæð áhrif á fæðuframboð þeirra. Frekari niðurstöður verkefnisins verða birtar í skýrslu sem verður aðgengileg almenning á vefsíðu bæjarins í lok sumars.

GÓÐ ÞJÓNUSTA á Eiðistorgi

Apótekarinn⁺
— lægri verð

VÍNBUÐIN



Eiðistorgi, 2 hæð.
--- kvikmyndagerð --- klippivinnsla ---
--- 2d/3d grafík ---

MUNDO
www.mundo.is

Reykjavík
LETTERING

Skjámynd

skjamynd.is - fjarskiphandbokin.is

Miklar breytingar í golfskálanum

- Nesfréttir spjalla við Stefán Örn Stefánsson sem hafði yfirumsjón með þeim

“Allar innréttingar í Golf-skálanum voru komnar á tíma. Við þurftum að taka þær allar í burtu. Gólfíð í húsinu var ónýtt. Endurnýja varð öll tæki í eldhúsinu. Við rifum hluta af veggjunum niður og við að opna rýmið stækkaði það nokkuð. Húsgögnin voru líka endurnýjuð auk þess sem ný lýsing og hljóðkerfi voru sett upp,” segir Stefán Örn. “Það er nýtt yfirbragð yfir þessu.”

Golfskálinn hefur alltaf notið vinsælda sem veitingahús. Lengi var þess misskilnings vart að hann stæði ekki öðrum opin en fólki sem stundaði golf og notaði golfvöllinn. Stefán segist enn verða var við þennan misskilning öðru hvoru en hann hafi aldrei átt við nein rök að styðjast. “Hingað eru allir velkomnir til þess að njóta veitinga og eftir þessa endurnýjun er sjálfsagt að benda fólki á þennan kost vilji það skreppa og fá sér kaffisopa eða njóta annarra veitinga í góðu umhverfi.” Hann bendir á nýlegar fréttir um að veitingastaðir séu að færast víðar um höfuðborgarsvæðið. Veitingamenn sækist eftir að fara með rekstur sinn í meira mæli út fyrir miðborg Reykjavíkur. Ekki sé pláss fyrir alla á sama stað. Fyrir íbúa Seltjarnarness sé golfskálinn sérstaklega góður kostur. Golfvöllurinn sé nánast í göngufæri

við byggðina og margir kjósi að ganga eða hjóla neshringinn. “Þetta er innan við einn kílómeter frá Sundlauginni og tilvalið að líta við í Golfskálanum.”

Gæti orðið af heilsársopnun

Stefán segir að ef aðsókn aukist utan hins hefðbundna golftíma geti orðið tímabært að hafa veitingaaðstöðuna opna lengur haust og vor og jafnvel allt árið. “Við höfum haft opið nema yfir háveturinn, frá 1. október til 1. apríl en höfum íhugað að geta breytt því. Endurnýjunin á veitingaaðstöðunni á að geta hjálpað okkur að auglýsa þetta betur upp og ég hygg að veitingamaðurinn sé okkur sammála fái hann meiri viðskipti. Annars er talsverð umferð um völlinn allan ársins hring nema ef snjóar. En nú viljum við sérstaklega höfða til annarra vegfarenda en þeirra sem huga að golfinu. Ég held að það sé alveg möguleiki á því að hafa skálann opin allt árið.”

Búinn að vera tæp 60 ár á Nesinu

Þegar Stefán Örn er inntur eftir því hvort hann sé Seltirningur kveðst hann hafa verið á Nesinu í tæp 60 ár. “Ætli maður verði ekki að teljast Seltirningur eftir þann tíma. Ég var farinn að leika mér í Suðurnesinu áður en golflúbburinn var stofnaður árið 1964. Ég þekki því svæðið nokkuð vel. Gamli öskuhaugar voru út á nesinu og mikið ævintýri fyrir krakka að fara þangað. Ég var



Stefán Örn Stefánsson í golfskálanum út á Suðurnesi.

farinn að fara út á Suðurnes þegar ég var fimm til sex ára polli. Þetta vakti þó ekki golfáhugann hjá mér því ég fór ekki að stunda golfið fyrir en á þessari öld. Nærri 40 árum síðar en þegar ég var að leika mér á öskuhaugunum.” Stefán segir langt frá því að náttúra Suðurness og vestursvæðanna sé ósnortin eins og stundum sé haldið fram. “Þarna voru trönur út um allt. Þetta svæði tengdist mikið fiskvinnslu. Ísbjörninn var með

trönur á Valhúsarhæðinni og út á Suðurnesi. Ég man vel eftir þegar ég var krakki stóðu leifarnar af Kveldúlsútgerðinni uppi. Skemmur sem komnar voru í niðurníðslu stóru þá enn við Sæbrautina og voru ævintýraland fyrir okkur krakkana. Landsbankinn eignaðist þetta og seldi síðan til einstaklinga eftir þrot útgerðarinnar. Þarna var líka stundaður landbúnaður. Bithagar og tún voru á víð og deif um vestursvæðin. Á þessum tíma einkenndist dýralífið yrst á nesinu einkum af rottum og mávar voru alls staðar. Stærsta kríuvarpið var í Bollagörðum en eftir að golfvöllurinn kom tók krían að færa sig sunnar og vestar. Hún hefur fylgt mannfólkinu. Um 1970 var farið að byggja mikið einkum á norðanverðu Nesinu og kann það að hafa raskað lífnaðarháttum kríunnar að einhverju leyti. Þegar ég man fyrst eftir mér gekk Strætó bara út að gamla Mýrarhúsaskólanum en síðar var annarri leið bætt við og nú fer hann hringinn á Seltjarnarnesi. Þegar ég var í Mýró var leikimin kennd í Gamla Mýrarhúsaskóla sem lengi

IÐJUPJÁLFI

Seltjörn hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða iðjupjálfa í 50 til 60% starfshlutfall. Um er að ræða nýtt starf og væri æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864 4184.

Hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu Sunnuhlíðar, sunnuhlid.is.



hýsti bæjarskrifstofunnar. Þar voru engir búningsklefar og við urðum að skipta um fót út á gangi. Það var allt í lagi en gat þó stundum verið kalt. Þetta var líkara sveit en bæjarfélagi. Eftir að bærinn fékk kaupstaðarréttindi tók byggðin að vaxa. Íbúðagötur tóku við af gömlu sveitabæjunum. Vandinn sem bæjarfélagið stendur frammi fyrir er að landið er takmarkað. Nesið er umlukið sjó á þrjá vegu og ég held að almennt samkomulag sé um að ekki verði byggt lengra í vestur þótt ekki sé verið að vernda ósnortið land. Það setur eðlilega áframhaldandi vexti byggðarinnar ákveðnar skorður.

Var mikið í boltanum hjá Gróttu

Stefán fór snemma að stunda íþróttir. Hann var í boltanum með Gróttu og spilaði í flestum flokkum bæði handbolta og fótbolta og tók líka þátt í félagslífinu sem tengist íþróttaiðkuninni. “Við stofnuðum fótboltafélag á Unnarbrautinni og Gróttu var stofnuð ári síðar. Þá var Garðar Guðmundsson tekinn að þjálfva okkur strákana. Ég man vel eftir stofnfundinum í apríl 1967



Veitingasalurinn í golfskálunum var allur endurnýjaður.

þegar Gróttu var stofnuð. Síðan þá hefur verið eitt íþróttafélag á Seltjarnarnesi og vaxið og dafnað. Kröftunum hefur ekkert verið dreift. Ég hélt áfram að sinna Gróttu þótt ég hætti að spila. Var mikið í kringum félagið þegar krakkarnir voru að taka þátt í íþróttum. Þetta er ákveðinn fylgifiskur. Félagsstörfin hlaðast á mann. Var eitthvað í stjórnnum og svo er hin sífellda fjárfloflun sem þarf að sinna.” Svo fórstu yfir í golfið. “Já, en það er ekki fyrr en 2006 sem ég byrja í golfinu. Við hjónin höfum verið viðloðandi golfklúbbinn síðan og ég sit þar í stjórn núna. Ég var fengin til þess að stýra framkvæmdunum við endurnýjun golfskálans. Framkvæmdum sem voru orðnar nauðsynlegar ef við ætlum að nýta hann sem veitingastað áfram. Ég vona að þær eigi eftir að skila sér í aukinni aðsókn og vil að lokum hvetja fólk til þess að nýta sér þessa þjónustu. Og enn og aftur vil ég taka fram að allir eru velkomnir í veitingaskálann. Hvort sem þeir tengjast golfi eða hafa aldrei snert kylfu eða kúlu.

ÓDÝRAR SKÓLAVÖRUR

fyrir öll skólastig



bóksala stúdentna

Alvöru bókabúð og miklu meira

Háskólatorgi - www.boksala.is



ÓSKANDI



Dansskóli á Eiðistorgi

Óskandi býður upp á faglegt og fjölbreytt dansnám í þroskandi og uppbyggjandi umhverfi.

Ballett (3-15 ára), Skapandi dans (4-11 ára),
 Dansfjör (12+ ára), Fullorðinsballett (18+ ára),
 Sirkús (6-7 ára)

Skráning og frekari upplýsingar á
www.oskandi.is.



Varðan gaf Seltjörn píanó

Slysavarnardeildin Varðan færði hjúkrunarheimilinu Seltjörn góða gjöf fyrr í sumar. Vörðukonur gáfu Kawai píanó og píanóbekk til heimilisins sem mun án efa hljóma oft og vel heimilismönnum, starfsfólki og gestum til yndisauka.

Á myndinni má sjá þær stóllur Ástu Björgu Kristjónsdóttur, Valgerði Eddu Benediktsdóttur, Birnu Elísabetu Óskarsdóttur, Petreu Ingibjörgu Jónsdóttur og Þórdísi K. Pétursdóttur formann Vörðunnar ásamt Svanlaugu Guðnadóttur framkvæmdastjóri hjúkrunar sem veitti gjöfinni viðtöku.



www.systrasamlagid.is

Stækkunarglerslampar



kr. 29.990,-



kr. 14.990,-



kr. 19.900,-

Vandaðir stækkunarglerslampar í fönður og fína vinnu. Góð birta.

Glóey

– gerir lífíð bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
 Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

Dansskóli Birnu Björns byrjar 9. september

Okkur hjá Dansskóla Birnu Björns langar að byrja á að þakka ykkur fyrir skemmtilega og viðburðaríka vorönn 2019, og glæsilega nemendasýningu í Borgarleikhúsinu á Pétri Pan. Takk kærlega fyrir komuna, allir sem lögðu leið sína þangað. Einnig þökkum við fyrir frábært sumarnámskeið og komuna á sumarhátíð Dansskólans í maí. Að lokum óskum við ferðalöngum, þeim sem tóku þátt á Dance World Cup í Portúgal, og þeim sem fóru í dansferðina til London, til hamingju með glæsilegan árangur.

Dansskólinn fór í fyrsta skipti með hóp dansara á Dance World Cup til Braga í Portúgal í lok júní og keppti með 5 atriði í mismunandi flokkum. Glæsilegur árangur dansaranna fór fram úr okkar björtustu vonum og munum við keppa aftur í undankeppni Dance World Cup á Íslandi fyrir Dance World Cup í Róm 2020. Fyrirkomulag á undankeppninni verður auglýst síðar.

Kennarar til London

Dansskólinn fór einnig í viðburðaríka dansferð nú í ágúst þar sem 25 nemendur og fimm kennarar lögðu leið sína til London og sóttu tíma hjá stórkostlegum kennurum í m.a. commercial, contemporary og musical theatre. Hópurinn sótti bæði einkatíma og opna hóptíma og stóðu allir dansarar sig frábærlega í nýju og krefjandi dansumhverfi. Auk þess að sækja danstíma skoðaði hópurinn borgina og var hápunktur ferðarinnar þegar farið var á söngleikinn Waitress á West End, eftir að hafa sótt musical theatre tíma hjá einni úr leikhópnum sama dag. Við munum opna fyrir umsóknir fyrir Dansferðina 2020 í desember á þessu ári.

Söngleikjadeildin vaxið hratt

Við hefjum haustönn 2019 mánudaginn 9. september en markmið okkar er að halda áfram að vaxa, stækka og skapa frábæra dansara með því að bjóða upp á vandaða og skemmtilega danstíma. Við bjóðum áfram upp á danskennslu tvisvar í viku á öllum kennslustöðum, tæknitíma föstudögum og söngleikjadeild á laugardögum á Garðabæ og Vesturbæ. Söngleikjadeildin hefur vaxið hratt síðustu ár, og verður hún áfram undir stjórn Hreindísar Ylva Garðarsdóttur Holm og Guðnýjar Óskar Karlsdóttur. Í ár munum við svo bæta við



kennslustað fyrir barnadansana, og bjóðum upp á kennslu bæði í Vesturbæ og Kópavogi.

Árangur og framfarir eftir tæknitíma

Við höfum séð mikinn árangur og gríðarlegar framfarir hjá nemendum sem sótt hafa tæknitíma og bjóðum áfram upp á þá á öllum kennslustöðum að undanskildum Hafnarfirði.

Nemendur sem æfa í Hafnarfirði eru hvattir til að sækja tæknitíma í Garðabæ. Við viljum undirstrika mikilvægi þess að sækja þessa tíma til þess að fá sem besta menntun og ná betri skilningi á undirstöðuatriðum í dansi sem skipta miklu máli í öllum dansstílum. Nemendur sem bæði eru í dansi og söngleikjadeild fá frítt í tæknitíma.



Óskað er eftir góðu og áhugasömu starfsfólki í aðhlyningu

Ert þú jákvæður umhyggjusamur einstaklingur sem ert tilbúin að vinna með okkur. Þá vantar okkur einstakling eins og þig í aðhlyningu og umönnun aldraðra íbúa á Seltjörn hjúkrunarheimili að Safnartröð 3, Seltjarnarnesi.

Um er að ræða vaktavinnu, með allt að 80% starfshlutfalli.

Sótt er um á heimasíðu Sunnuhlíðar sunnuhlid.is Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

Gerð er krafa um að viðkomandi tali og skilji íslensku.



Forstöðumaður dagdvalar

Seltjörn hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða forstöðumann dagdvalar frá 1. sept. nk. eða eftir nánara samkomulagi.

Um nýja starfsemi er að ræða og er fyrirhugað að 25 einstaklingar njóti dagdvalar á hverjum degi þegar starfsemi er komin í fullan gang.

Æskileg menntun er sjúkraliðapróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi. Leitað er að einstaklingi sem hefur gaman að félagsstarfi og vinnu með öldruðum.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir í síma 864-4184.

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst.

Öllum umsóknum svarað. Sótt er um á heimasíðu www.sunnuhlid.is.

UMHVERFISHORNIÐ

Kríuvarpið í Gróttu

Kríuvarpið fór seint af stað í ár og lauk því ekki fyrr en í lok júlí / byrjun ágúst. Þegar í ljós kom að fuglinn lá enn á eggjum og ungar ekki orðnir fleygir þegar hefðbundnu ferðabanni átti að ljúka 15. júlí ákvað Umhverfisstofnun að framlengja lokun um friðlandið Gróttu um tvær vikur. Þar sem



Gróttta er orðin að einu vinsælasta kennileiti höfuðborgarsvæðisins sem stór hópur innlendra ferðamanna heimsækir á hverjum degi mat Umhverfisstofnun það réttilega að umferð um friðlandið gæti valdið verulegri röskun á fuglalífni.

Í vor hófst samstarf umhverfisnefndar og Umhverfisstofnunar um samhent átak til að sporna gegn brotum á ferðabanni um friðlandið Gróttu en bannið hefur ítrekað verið virt að vettugi sem er brot á náttúruverndarlögum. Við upphaf ferðabannsins var komið fyrir stórgryti í fjöruborðið við Snoppu, landvörður frá Umhverfisstofnun stóð vaktina, skiltum fjölgað og upplýsingagjöf efl. Þá sendi Save Travel vikulegar tilkynningar í sumar til ferðamanna og ferðaskipuleggjanda um lokun friðlandsins Gróttu. Með samhentu átaki og öflugri upplýsingagjöf tókst að stöðva stærsta hluta ferðamanna sem annars hefðu farið beint út í Gróttu á varptímanum með neikvæðum áhrifum á fuglalífið. En þó góðum árangri hafi verið náð má gera enn betur og verður því farsælu samstarfi við Umhverfisstofnun haldið áfram.

Samkvæmt bráðabirgðatalningu Jóhanns Óla Hilmarssonar fuglafræðings, sem fylgst hefur með og kannað útbreiðslu og þéttleika varpfugla á Seltjarnarnesi síðustu áratugi fyrir umhverfisnefnd, voru um 260 kríuhreiður í Gróttu í ár. Það er mikil fjölgun frá árinu 2017 en þá voru aðeins 20 kríuhreiður í eyjunni. Það bendir allt til þess að kríuvarpið hafi gengið vel í sumar og ungar komist á legg. Gróttta er samkvæmt bráðabirgðatalningu næst stærsti varpstaður kríunnar á Seltjarnarnesi.

Hannes Tryggvi Hafstein
Formaður umhverfisnefndar

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Sumarstarfsmennirnir Jóhann og Thelma senda eftirfarandi pistil.

Sumarið hjá félagsstarfi eldri bæjarbúa gekk vonum framar. Yfirleitt gott veður og voru þeir dagar nýttir í gönguferðir.

Sumargleðin

Sumargleði eldri bæjarbúa var haldin 27. Júní í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut og mættu tæplega 60 manns. Þar grilluðum við pylsur, sungum og dönsuðum. Lilja Björk og Bóas sungu fyrir okkur alla gömlu góðu slagarana í bland við þá nýju. Það var afar skemmtilegt og allir skemmtu sér konunglega.

Nikkuballið

Júlí mánuður gekk í garð og gekk dagskráin mjög vel. Ungmennaráð hélt sitt árlega nikkuball fimmtudaginn 18. júlí. Við fengum rosalega gott veður og mættu hátt í 70 manns. Þar var dansað við harmonikkuleik og kenndu eldri bæjarbúarnir unga fólkinu gömlu dansana.

Sumarið hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt.

Jóhann og Thelma þakka ykkur kærlega fyrir samstarfið í sumar.

Starfið í haust og vetur

Nú eiga allir 67. ára og eldri að vera búnir að fá dagskrá félags og tómsundastarfsins senda heim. Við erum þegar byrjuð með hluta af föstu dagskránni, þ.e. félagsvist og bridge, bingó, botsía og golf og er fólk hvatt til að fylgjast með á mbl.is bæði blaða og vefútgáfu. og einnig á fb. Einnig er dagskrá næstu daga hengd upp á upplýsingatöflu í aðstöðu félagsstarfsins að Skólabraut 3-5. Sú breyting varð á nú í sumar að yfirstjórn félags og tómsundastarfs eldri bæjarbúa fór frá félagsmálasviði yfir til fræðslusviðs. Einhverra breytinga er að vænta og þá helst aukins samstarfs við skóla, leikskóla og ungmennaráð ásamt heilsuefningu og forvörnum. Einnig má búast við einhverjum breytingum á gjaldskrá og framboði námskeiða.

FRAMBOÐ OG EFTIRSPURN

Alltaf má breyta og bæta dagskrá félags og tómsundastarfsins. Föstu liðirnir sem boðið er upp á í dagskránni eru þeir sem best hafa verið sóttir og því ekki þótt ástæða til að breyta því. Alltaf bætist þó eitthvað við og annað dettur út. Hvetjum fólk til að vera í sambandi og koma með tillögum og hugmyndir varðandi dagskrána. Forstöðumaður félags og tómsundastarfs eldri bæjarbúa er Kristín Hannesdóttir. Netfang: kristin.hannesdottir@seljarnarnes.is og sími 8939800. Einnig er fólk alltaf velkomið í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut. Þess skal getið að það eru allir velkomnir til þátttöku í því félags og tómsundastarfi sem boðið er uppá. Einnig fólk úr öðrum sveitarfélögum.

Vöflukaffi fimmtudaginn 29. ágúst kl. 15.00.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár þá hefst vetrarstarfið formlega með vöflukaffi og kynningu. Fimmtudaginn 29. ágúst verður vöflukaffið í Félagsheimili Seltjarnarnes við Suðurströnd kl. 15.00 og hvetjum við fólk til að kíkja við.

Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla



Setjum undir á staðnum



Vikurvagnar ehf. | Hyrjarhöfða 8 | 110 Reykjavík
Sími 577 1090 | vikurvagnar.is | sala@vikurvagnar.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Mikil gleði með kalda kerid í sundlauginni

Kalda kerid í sundlauginni var tekið í notkun fyrir skemmstu. Mikil gleði og ánægja er meðal gesta sundlaugarinnar með þessa nýju viðbót í okkar frábæru sundlaug.

Að sögn Hauks Geirmundssonar forstöðumanns sundlaugarinnar er snilldin við kerid, mjög auðvelt aðgengi og kemur því til móts við þá sem eiga erfitt með að komast í tunnuna góðu sem þó verður áfram fyrir þá sem kjósa hana frekar. Kerid er 90 cm djúpt þar sem það er dýpst og viðmiðunin var að geta farið með allan líkamann í kaf ef kropsið er. Margir kjósa þó að ganga í gegnum pottinn og fá vatnið aðeins á neðri hluta líkamans. Hitastigið er stillanlegt en aðeins hefur verið notast við kalda vatnið hingað til sem er u.þ.b. 4° til 8°. Enginn klór er notaður því vatnið endurnýjast á klukkutíma fresti þannig að það er alltaf hreint og tært. Að sögn Hauks hefur aðsókn sundlaugarinnar aukist lítillega á undanförunum árum en segir að fólk af Seltjarnarnesi megi vera duglegra að sækja þessa frábæru aðstöðu sem boðið er uppá og vill sérstaklega hvetja þá sem eru orðnir 67 ára og eldri að vera duglegri að koma í laugina því þeir fá gjaldfrjálsan aðgang að þessari paradís. Hann segir algengt að eldri borgarar þori ekki að koma í laugina af því að þeir kunna ekki að synda. Það er

svo mikill miskilningur því það er alveg hægt að koma í sund án þess að synda. Það er hægt að slappa af í pottum, kerjum, eimbaði og laugum, allt með mismunandi hitastigi og spjalla við aðra sundlaugargesti. Þetta er tilvalinn vettvangur til að finna góðan félagsskap í fallettu umhverfi. Hvað vilja menn meira? Síðan er boðið uppá fritt kaffi til kl. 11 á morgnana eftir sundið.



Kuldi er ekki fyrir alla en þessar hressu konur setja hann ekki fyrir sig.



opinn - trúnaður - ókeypis + Raudt krossið Íslands

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is




gdansskolubbb

HAUSTÖNN

DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS
HEFST 9. SEPTEMBER

VESTURBÆR / KÖPAVOGUR / GARÐABÆR / GRAFARHOLT / HAFNARFJÖRÐUR
COMMERCIAL / JAZZ / LYRICAL / TÆKNI / SÖNGLEIKJAEILD



SÖNGLEIKJAEILD

DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS
Á LAUGARÐÖGUM

FYRIR NEMENDUR FRÁ 8 ÁRA ALDRI
KENNT | GARÐABÆ & VESTURBÆ



INNRIÐIN HEFST 19. AUGÚST
Á WWW.DANSSKOLUBBB.IS
TAKMARKAÐ PLASS!

BARNADANSAR

DANSSKÓLA BIRNU BJÖRNS
Á LAUGARÐÖGUM

DANS / LEIKLIST / SÖNGUR / SPUNI
FYRIR 3-5 ÁRA KRAKKA
Í KÖPAVOGI & VESTURBÆ





Meistaraflokkarnir báðir í toppbaráttu

Nú er endaspjetturinn að hefjast á Íslandsmóttinu. Fáir bjuggust við því fyrir tímabilið að bæði stelpurnar og strákarinn yrðu í toppbaráttu í sínum deildum, en það er staðreynd.

Við hjá knattspyrnudeild Gróttu erum geysilega stolt af okkar liðum og hvetjum alla Seltirninga og Gróttufólk um land allt að standa við bakið á liðunum í stúkunni. Það hefur verið frábær mæting á Vivaldivöllinn í sumar og stemningin verið virkilega góð, og við vonumst til að stuðningurinn haldi áfram til lokaleikja. Þegar þetta er skrifað situr meistaraflokkur karla í 2. sæti í Inkasso-deild karla með 34 stig eftir 18 leiki og meistaraflokkur kvenna í 2. sæti í 2. deild kvenna með 20 stig eftir tíu leiki.



Rúmlega 60 stelpur frá Gróttu á Síamamóttinu

Rúmlega 60 Gróttustelpur kepptu á Síamamóttinu helgina 12. til 14. júlí, stærsta knattspyrnumóti landsins. Fimmti flokkur kvenna tefldi fram þremur liðum sem samanstóð af 27 stelpum. Sjötti flokkur kvenna var einnig með þrjú lið en 17 stelpur og sjöundi flokkur kvenna var með fjögur lið og 20 stelpur innanborðs.

Mótið var frá föstudegi til sunnudags og leikið var frá morgni til eftirmiðdags. Gróttustelpurnar upplifðu bæði sigra og töp, og einstaka jafntefli, en leikgleðin var aldrei langt undan. Gróttu 1 í sjötta flokki komust í úrslitaleik A-liða og höfðu aðeins tapað einum leik yfir helgina. Gróttu keppti gegn KA í úrslitum í æsispennandi leik. Staðan var orðin 2-2 eftir örfáar mínútur en Freyja Sigríður var með mörk Gróttu. Í hálfleik var staðan 5-3 fyrir Gróttu en KA tókst að jafna

og staðan var 5-5 að venjulegum leiktíma loknum. Leikurinn var því framlengdur og í hálfleik framlengingar var staðan 6-6, en Rebekka Sif skoraði síðari fjögur mörk Gróttu. Á lokasekúndum seinni hálfleiks framleningarinnar tókst KA að koma boltanum í netið og staðan því 7-6 fyrir KA. Gríðarlega svekkjandi úrslit fyrir hörkuduglegar Gróttustelpur en þær mega vera stoltar af frammistöðu sinni á móttinu. Gróttu 1 tók því silfrið að þessu sinni. Gróttu 3 í fimmta flokki komst einnig í úrslitaleik en töpuðu þar gegn Breiðablik 2-0 og fengu fimmta flokks stelpurnar því einnig silfrið. Gróttu 1 í sjöunda flokki endaði í 4. sæti í sínum riðli. Mótið gekk heilt yfir mjög vel, stelpurnar skemmtu sér vel og eru reynslunni ríkari - og eflaust farnar að telja niður til næsta árs.

Tinna Brá á leiðinni til Hanoi með U15 ára landsliðinu

Gróttukonan Tinna Brá Magnúsdóttir er í hóp U15 kvenna sem tekur þátt í WU15 Development Tournament í Hanoi, Vietnam, dagana 29. ágúst til 7. september.

Tinna Brá er á yngri ári í þriðja flokki en er gríðarlega efnilegur markmaður og spilaði m.a. með meistaraflokki allt undirbúningstímabilið þeirra. Knattspyrnudeild Gróttu óskar Tinnu góðs gengis í Vietnam og hlakkar til að fylgjast með ævintýrinu.



Gróttustrákar á Norðurlandamóttinu með U17

Grímur Ingi, Kjartan Kári og Orri Steinn kepptu á Norðurlandamóttinu í Danmörku með U17 ára landsliðinu í byrjun ágúst. Ísland lék við Mexíkó, Finnland og Færeyjar þar sem drengirnir komu allir við sögu.

Orri Steinn skoraði eina mark Íslands gegn Mexíkó, en leikurinn endaði í vítaspjenukeppni þar sem Grímur Ingi og Kjartan Kári skoruðu báðir. Drengirnir unnu öruggan sigur í síðasta leik mótsins gegn Færeyjum í dag, 6-0, þar sem Orri Steinn skoraði fimm mörk. Knattspyrnudeild Gróttu er afar stolt af þessum glæsilegu fulltrúum Gróttu.



Sjötti flokkur sigurvegari á Króksmóttinu

Sjötti flokkur karla hélt til Saudárkróks til að keppa á Króksmóttinu 10. til 11. ágúst og gerðu það heldur betur gott fyrir norðan.

Gróttu fór með fimm lið á mótið og þrátt fyrir að veðrið hefði mátt vera betra var góð stemning hjá Gróttuliðunum og krakkarnir skemmtu sér vel. Gróttu 1 stóð uppi sem sigurvegari mótsins ásamt því að flokkurinn í heild sinni vann til háttvísisverðlauna. Til hamingju krakkar.



1X2

GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Óskandi er Ballettskóli á Eiðistorgi

Guðrún Óskarsdóttir dansari, dans - og jógakennari tók nýverið við Ballettskóla Guðbjargar Björgvins sem hefur verið á starfræktur Seltjarnarnesinu í 37 ár. Skólinn ber nú nafnið Óskandi. Skólinn er sjálfstæð eining undir Dansgarðinum og er í nánú samstarfi við Klassíska listdansskólann. Guðrún segir eitt af aðalmarkmiðum Dansgarðsins sé að gera danskennslu aðgengilega með samvinnu tveggja skóla, Óskalands og Klassíska listdansskólans sé verið að leggja lóð á vogaskálarnar.



Guðrún Óskarsdóttir dansari, dans- og jógakennari og framkvæmastjóri Óskandi.

Óskandi er hópur af 10 jákvæðum og góðum danskennurum sem hafa mikinn metnað fyrir sínu starfi. Markmið Óskanda er að bjóða upp á skapandi, þroskandi og heilsteypa danstíma fyrir nemendur en um leið skemmtilega samverustund. Óskandi býður upp á fjölbreytt dansnám; ballett, nútímalistdans, fullorðinsballett, skapandi dans, sirkús og jóga.

Fjölbreyttir dansmöguleikar

Í náminu fá nemendur fá tækifæri til að kynna spunavinnu og fjölbreyttum leiðum við að skapa dans. Í boði eru fjölbreyttir tímar fyrir unglínga, framhaldsskólanemendur og fólk á öllum aldri; klassískur ballett, nútímalistdans, jóga. Kjörrið fyrir nemendur sem langar að dansa sér til ánægju og huga að líkamlegri og andlegri þjálfun í faglegu og skemmtilegu umhverfi. Guðrún segir að nemendur verði kynntir fyrir ýmsum sirkúsáhöldum, grunntækni í jafnvægislistum, húlli, akrobati, kastlistum og juggli. Óskandi býður einnig upp á grunnnám í ballett sem er kennt eftir aðalnámskrá listdansskólanna. Og það er komið að fullorðna fólkinu. "Já við verðum með fullorðnist ballett sem er námskeið fyrir konur og karla á öllum aldri, bæði fyrir byrjendur og þá sem hafa verið í ballett áður. Einnig má geta þess að við ætlum að bjóða upp á dansfjör fyrir 12 til 15 ára og 16+. Dansfjör er skemmtileg blanda af ballett, nútímadansi og jóga. Kjörrið fyrir nemendur sem langar að dansa sér til ánægju og í faglegu og skemmtilegu umhverfi." segir Guðrún.

Byrjaði hjá Guðbjörgu sjö ára

Guðrún skólastjóri og eigandi Óskanda hefur komið víða við í danslistinni. "Ég var lánsöm að foreldrar mínir skráðu mig í ballett í Ballettskóla Guðbjargar Björgvins 1992, þá 7 ára gamla. Þá hófst ástríða mín fyrir dansinum. Ég útskrifaðist frá Listdansskóla Íslands, lauk diplóma frá Kungliga Svenska Balettskolan í Stokkhólmi og starfsþjálfun frá Íslenska dansflokknunum og Dansk dansetheater í Kaupmannahöfn. Ég dansaði með Íslenska dansflokknunum og vann meðal annars með danshöfundunum Rami Be'er, Didy Veldman, Stephen Shrophire, Jóhanni Frey Björgvinnssyni og Helenu Jónsdóttur. Ég stunda nú masternám við Liskennsludeild LHI. Ég hef unun að því að kenna nemendum og leiða aðra kennara. Það er yndislegt að fylgjast með nemendum þroskast og sjá litlu sigrana sem eru þó svo stórir.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA






Sværri Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristin Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

LEITUM INN Á VIÐ



Villtur íslenskur aðalbláberjalatte



Möntruhringir/hálsmen/bönd



Tunguskafa er 2 x mikilvægari en tannbursti. Litir fyrir alla fjölskylduna



Jógavörur í úrvali



Beauty complex fyrir hár, húð og neglur



Acai skál



Þar sem andinn býr í efnum



Nailberry eru vegan. Án 12 skaðlegustu efna.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Húsfélagþjónusta
Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundur
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



EIGNAumsjón www.eignaumsjon.is



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI


Rekstrar-
vörur



Bón og
hreinsivörur



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
149.900 kr.



7 verslanir um land allt



Á FULLRI FERÐ

Sími 535 9000

Skoðuðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
230 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is